

## Kæri félagsmaður

Nú stendur yfir leynileg atkvæðagreiðsla í félögum iðnaðarmanna um hvort boða eigi allsherjarverkfall í kjaradeilu félaganna við Samtök atvinnulífsins. Atkvæðagreiðslunni lýkur kl. 10 þann 1. júní.

Þar er sú spurning lögð fyrir félagsmenn hvort þeir vilji að boðað verði allsherjarverkfall iðnaðarmanna á almennum markaði, sem standi frá miðnætti aðfaranótt 10. júní til miðnættis að kvöldi 16. júní 2015 og til ótímabundins allsherjarverkfalls frá miðnætti aðfaranótt 24. ágúst 2015. Verkfall mun eingöngu koma til framkvæmda ef þörf krefur og ef kjarasamningar hafa ekki verið undirritaðir.

Félög iðnaðarmanna hafa gengið sameinuð til viðræðna við Samtök atvinnulífsins á þessu ári.

Helstu kröfur okkar eru:

- Almenn hækkun launa 20%
- Byrjunarlaun iðnaðarmanns með sveinspróf verði kr. 381.326 á mánuði
- Bil á milli taxta verði 3%
- Fara yfir hlutföll milli hópa í launatöflu og tengja launaflokka við hæfniþrep
- Orlofs- og desemberuppbætur hækki. Verði hálf mánaðarlaun viðkomandi
- Aðfangadagur og gamlársdagur verði frídagará launafólks hjá þeim sem ekki hafa það nú þegar
- Nýir kjarasamningar gildi frá 1. mars 2015

Þetta eru sanngjarnar kröfur og í samræmi við raunverulega stöðu mála í atvinnulífinu og samfélaginu. Þrátt fyrir það ber mikið í milli í viðræðum okkar við Samtök atvinnulífsins. Það er einróma niðurstaða viðræðunefndar iðnaðarmannafélaganna að tilgangslaust sé að halda viðræðum áfram. Til að koma hreyfingu á málin og fylgja kröfum okkar eftir er nauðsynlegt að afla heimildar félagsmanna til að boða verkfall.

Við hvetjum félagsmenn eindregið til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni og sýna hug sinn í verki. Góð þátttaka og góð samstaða sendir mikilvæg skilaboð að samningaborðinu. Við viljum að íslenskur vinnumarkaður verði samkeppnishæfur við Norðurlöndin og að fólk geti lifað mannsæmandi fjölskyldulífi af dagvinnulaunum sínum. Með því að nýta samtakamáttinn getum við náð markmiðum okkar og fengið sanngjarnar kjarabætur.

**Tökum öll þátt í atkvæðagreiðslunni!**

Með félagskveðju,

Finnbjörn A. Hermannsson,  
formaður Byggiðnar – Félags byggingamanna